



ÍSLANDSSTOFA  
PROMOTE ICELAND



## Viðhorfskönnun meðal erlendra söluaðila um íslenska ferðapjónustu

JÚNÍ 2017

# Helstu niðurstöður


- Íslandsstofa framkvæmdi könnun meðal erlendra söluaðila á ferðum til Íslands í júní um viðhorf þeirra til þróunar íslenskrar ferðapjónustu, væntingar þeirra til sölu á ferðum í ár annars vegar og á næsta vetrartímabili hins vegar. Sambærileg könnun var gerð í desember 2016. Könnunin var send í tölvupósti á rúmlega 4000 erlendar ferðaskrifstofur sem selja ferðir til Íslands og svarendur voru 165.
- Dregið hefur úr væntingum erlendra söluaðila gagnvart sölu á ferðum til Íslands á undanförunum mánuðum. Mest hefur dregið úr væntingum ferðaskrifstofa í Bretlandi og í Mið- og Suður-Evrópu.
- Í júní sögðust 75% allra svarenda upplifa svipaða eða aukna sölu á ferðum til Íslands árið 2017 sem er fækkun um 16% frá fyrri könnun. Um 66% svarenda eiga von á svipaðri eða aukinni sölu á ferðum til Íslands veturinn 2017/2018, en þar er lækkun um 17% frá síðustu könnun.
- Í Bretlandi vænta 62,5% söluaðila svipaða eða aukna sölu í ferðum til Íslands árið 2017, sem eru 23% færri söluaðilar frá síðustu könnun. Þegar spurt er um væntingar fyrir komandi vetrartímabil fer hlutfalli niður í 46% sem er 32% færri aðilar frá síðustu könnun.
- Í Mið- og Suður-Evrópu er svipuð þróun og sjá má á Bretlandi. Í júní búast 63% söluaðilar við svipaðri eða aukinni sölu árið 2017 sem eru um þriðjungfærri aðilar frá fyrri könnun. Þegar spurt er um væntingar fyrir komandi vetrartímabil fer hlutfallið niður í 63% sem eru 25,5% færri söluaðilar frá fyrri könnun.
- Talsvert meiri jákvæðni ríkir meðal söluaðila í Norður Ameríku og Norðurlöndunum. 92% svarenda í N-Ameríku upplifa svipaða eða aukna sölu árið 2017 sem er nánast það sama og í fyrri könnun. 87% svarenda eiga von á svipaðri eða aukinni sölu um veturinn sem eru 8% færri söluaðilar frá fyrri könnun. Hlutfallið meðal svarenda á Norðurlöndunum er 75% fyrir árið 2017 sem er lækkun um 5,5% frá fyrri könnun en þegar spurt er um veturinn fer hlutfallið í 71% sem er 6% hækkun frá fyrri könnun.
- Helstu þættir sem þykja jákvæðir fyrir framþróun íslenskrar ferðapjónustu árið 2017 eru vinsældir áfangastaðarins, öryggi, aukið flugframboð og markaðssetning. Neikvæðir þættir sem helst voru nefndir voru hátt verðlag, gæði og aðgengi að þjónustubáttum og vöxtur ferðapjónustunnar.

# Samantekt

Rannsóknartímabil: júní 2017

Aðferðafræði: Netkönnun

Úrtak: Erlendir söluaðilar sem bjóða ferðir til Íslands




\*Austurríki, Belgía, Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Holland, Portúgal, Spánn og Sviss

# Væntingar um bókanir á ferðum til Íslands 2017

**75% svarenda upplifa svipaða eða aukna sölu á ferðum til Íslands árið 2017**

(-16% fækkun frá síðustu könnun des 2016)

Hvernig er bókunarstaða fyrirtæki þíns á ferðum til Íslands í ár (2017) samanborið við síðasta ár (2016)?\*







\*Compared to last year (2016), how are the number of bookings with arrivals to Iceland this year (2017) for your company?

# Væntingar um bókanir á ferðum til Íslands 2017

## Markaðir

Hvernig er bókanarstaða fyrirtæki þíns á ferðum til Íslands í ár (2017) samanborið við síðasta ár (2016)?\*




\*Compared to last year (2016), how are the number of bookings with arrivals to Iceland this year (2017) for your company?

# Væntingar um bókanir á ferðum til Íslands veturinn 2017/2018

**72% svarenda eiga von á svipaðri eða aukinni sölu á ferðum til Íslands veturinn 2017/2018**

(-13% fækkun frá síðustu könnun des 2016)





Hverjar eru væntingar fyrirtæki þíns á bókunum á ferðum til Íslands næsta vetrartímabil (sep 2017 – apr 2018) samanborið við síðasta vetrartímabil?\*



# Væntingar um bókanir á ferðum til Íslands veturinn 2017/2018


## Markaðir

Hverjar eru væntingar fyrirtæki þíns á bókunum á ferðum til Íslands næsta vetrartímabil (sep 2017 – apr 2018) samanborið við síðasta vetrartímabil?\*



\*Compared to last winter season, what is your company's prospects for bookings to Iceland for arrivals this winter season (September 2017 - April 2018)?


## Jákvæðir þættir sem hafa áhrif á þróun íslenskrar ferðaþjónustu 2017



Spurning: In your opinion, what are the top five positive factors for the development of tourism in Iceland this year? (Please select up to 5 factors); Marketing efforts / promotion, Safety of the destination, Increase in air connections / supply, Sustainability of the destination, Tourism policy of the destination, Trendy destination, Price level / currency, Availability of service from local suppliers (e.g. accommodation, tours, restaurants, etc.), Level of service and quality from local suppliers, Growth in tourism in Iceland, General growth in outbound tourism in source market, Competing destinations, Other, please specify



## Neikvæðir þættir sem hafa áhrif á þróun íslenskrar ferðapjónustu 2017



Spurning: In your opinion, what are the top five negative factors for the development of tourism in Iceland this year? (Please select up to 5 factors); Marketing efforts / promotion, Safety of the destination, Increase in air connections / supply, Sustainability of the destination, Tourism policy of the destination, Trendy destination, Price level / currency, Availability of service from local suppliers (e.g. accommodation, tours, restaurants, etc.), Level of service and quality from local suppliers, Growth in tourism in Iceland, General growth in outbound tourism in source market, Competing destinations, Other, please specify

## GREINING FRAMKVÆMD AF ÍSLANDSSTOFU

SVIÐ FERÐAÞJÓNUSTU OG SKAPANDI GREINA – SEPTEMBER 2017

Afritun eða frekari dreifing ekki heimiluð án samráðs við Íslandsstofu

---

Íslandsstofa er öflugur samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda. Hlutverk okkar er að sinna markaðs- og kynningarstarfi í þágur íslenskra útflutningsgreina og styðja þannig við gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

[www.islandsstofa.is](http://www.islandsstofa.is)

### Fyrirvari

- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð um framtíðina. Íslandsstofu ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.